



## Álagning fasteignagjalda 2024 og reglur um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega 2024

### Álagning fasteignagjalda 2024

Álagning fasteignagjalda í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A verði 0,424 % <sup>1</sup> af húsmati og lóðarhlutamati  
Fasteignaskattur B verði 1,32 % <sup>2</sup> af húsmati og lóðarhlutamati  
Fasteignaskattur C verði 1,65 % <sup>3</sup> af húsmati og lóðarhlutamati.  
Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði 0,70 % af lóðarhlutamati.  
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis verði 3,00 % af lóðarhlutamati.  
Vatnsgjald, fast gjald verði 4.721 kr. á hverja veitu og 386 kr. á hvern fermetra.  
Fráveitugjald verði 0,3232 % af húsmati.  
Sorphreinsunargjald verði 45.152kr. á heimili.  
Sorpeyðingargjald verði 31.050 kr. á heimili.  
Fjöldi gjalldaga verði tíu – mánaðarlega frá 1. febrúar. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalldagamánaðar.

<sup>1)</sup> Íbúðarhúsnæði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<sup>2)</sup> Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<sup>3)</sup> Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

## Reglur

### um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega árið 2024

#### 1. gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) fyrir 1. janúar 2024 sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2023 samanber álagningu skattstjóra 2024 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr. 6.244.165	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr. 8.257.765	0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað sambýlisfólk:	Brúttótekjur allt að kr. 9.484.091	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr. 11.334.760	0 % afsláttur

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 108.077.-. Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

#### 2. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti miðast við að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Rétt til afsláttar eiga einnig þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem búa á stofnunum og hafa lögheimili þar þrátt fyrir að þeir séu ekki með lögheimili í húsnæðinu. Skilyrði er



að húsnæðið sé eingöngu nýtt í eigin þágu, s.s. til tómstundaiðkunar. Réttur þessi er ekki til staðar ef atvinnustarfsemi fer fram í húsnæðinu eða húsnæðið er leigt út.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1. gr í samræmi við eignarhlut þeirra.

### 3. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjármálasviði heimilt að víkja frá skilyrðum 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmiði um tekjumörk.

### 4. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar veitir Þjóðskrá leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjuskattsstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lútandi.

### 5. gr.

Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2022 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2023. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning skatta ársins 2023 liggur endanlega fyrir vegna eftir álagningu 2024 og er þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.

Fjarðabyggð 6. desember 2023

  
Jóna Árný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 13. nóvember 2023

Samþykkt í bæjarstjórn 16. nóvember 2023